

## AUGLÝSING

### um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Akureyrar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

30 km hámarkshraði gildir á eftirtöldum svæðum:

*Gerðahverfi I*, þ.e. Akurgerði, Hamragerði, Stekkjargerði og Kotárgerði.

*Holtahverfi*, þ.e. svæði sem afmarkast af Hörgárbraut að vestan, Hlíðarbraut að norðan, Krossanesbraut að austan og norðan Miðholts.

*Hlíðarhverfi*, þ.e. svæði sem afmarkast af Borgarbraut frá Glerá, Hlíðarbraut, Hörgárbraut og farvegi Glerár upp að Borgarbraut.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari er numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akureyri sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

*Sýslumaðurinn á Akureyri, 11. febrúar 2002.*

**Björn Jósef Arnviðarson.**